

burðar kærða við rannsókn málsins, verður að telja nægilega sann-
að, að hann hafi ekið bifreið sinni R 5427 undir áhrifum áfengis
aðfaranótt þess 26. júlí s. l. og hefur hann með því athæfi sínu
brotið 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr.
bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, og þykir refsing hans samkvæmt
39. gr. áfengislaganna og 38. gr. bifreiðalaganna hæfilega ákveðin
varðhald í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 21., sbr. 39. gr. áfengislaganna og 39. gr. bif-
reiðalaganna að svipta kærða leyfi til að aka bifreið í 4 mánuði frá
birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með
talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl.,
kr. 300.00.

Á rekstri máls þessa hefur orðið nokkur dráttur, og stafar hann
af miklum embættisönnum dómarans.

Þess skal getið, að sá þáttur málsins, sem snýr að broti þeirra
Hendriks Sigurðar Gunnars Rasmus og Höskuldar Þórhallssonar
hefur verið afgreiddur sérstaklega.

D ó m s o r ð :

Kærði Ólafur Pétursson sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 4 mánuði frá birt-
ingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-
laun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. desember 1948.

Nr. 119/1948. Valdstjórnin (Hrl. Einar B. Guðmundsson)
gegn

Snæbirni Stefánssyni

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og Einar Arnalds
borgardómari í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar og
hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Forstöðumaður Sjómannaskólans hefur markað á sjó-
upprátt stað skips kærða í landhelgi, og reyndist hann
vera 1.2 sjómílu fyrir innan landhelgislinu.

Af lögum nr. 14/1948 og forsögu þeirrar verður ekki ráðið með öruggri vissu, að þeim hafi verið ætlað að taka til fésekta, sem miðaðar eru við gullkrónur samkvæmt lögum nr. 4/1924. Verður sekt kærða því einungis ákveðin eftir 1., sbr. 4. gr. laga nr. 5/1920 og lögum nr. 4/1924. Þykir refsing kærða með hliðsjón af gullgildi íslenzkrar krónu, sem nú er 33.96, og þegar þess er gætt, að hér var um togbát að ræða, 53.27 smálestir að stærð, hæfilega ákveðin kr. 29 500.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 6 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku veiðarfæra og málskostnað í héraði staðfestast.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði Snæbjörn Stefánsson greiði kr. 29 500.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 6 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku veiðarfæra svo og um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Gunnars Þorsteinssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Keflavíkur 9. júní 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 9. júní, var í lögreglurétti Keflavíkur, sem haldinn var af Alfred Gíslasyni lögreglustjóra á skrifstofu réttarins, upp kveðinn dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Snæbirni Stefánssyni, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða Snæ-

birni Stefánssyni, skipstjóra á v/b Skálafelli RE 20, til heimilis Grettisgötu 66 í Reykjavík, fyrir brot á lögum nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 22. sept. 1889, og hefur ekki, svo vitað sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot.

Málavextir eru þessi:

Þriðjudaginn 8. júní 1948 kl. 19.20 sáu skipsmenn á varðskipinu Víkingi mótorskipið Skálfell, er var að toga með stjórnborðsvörpu. Var sett bauja í kjölfar skipsins og gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Keilir

> 17° 00'

Þórðarfell

> 52° 00'

Reykjanesviti

Gefur staðarákvörðun þessi stað skipsins 1.2 sjómilur innan landhelgislinunnar.

Kærði hefur haldið því fram hér í réttinum, að hann hafi talið sig vera utan landhelgislinunnar í umrætt skipti og stuðzt við mið í landi og áttavita skipsins, en dýptarmælir var ekki í lagi. Hann hefur hins vegar lýst yfir því, að hann véfengdi ekki mælingar varðskipsins og lýst því yfir, að ákvörðun staðar þess, er skip hans var statt á, er varðskipið kom að því, sé rétt.

Verður rétturinn að líta svo á, að kærði hafi samkvæmt framan-sögðu verið að botnvörpuveiðum innan landhelgi í umrætt skipti, og varðar brot hans við 1. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 5 18. maí 1920.

Þykir refsing hans, með tilliti til laga nr. 4/1924, sbr. lög nr. 4/1948 hæfilega ákveðin kr. 88 500.00 sekt til landhelgissjóðs Íslands, og er þá tekið tillit til gullgengis íslenzkrar krónu. Komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir v/b Skálafells RE 20, skulu upptæk ger, og renni andvirði þeirra til landhelgissjóðs Íslands. Afli fyrirfannst enginn í skipinu, er það var stöðvað.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Snæbjörn Stefánsson skipstjóri greiði 88 500 króna sekt í landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Öll veiðarfæri v/b Skálafells RE 20 skulu gerð upptæk til sama sjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.